

Fundargerð stjórnar SOS nr. 337

Staður: Fundurinn er haldinn í fjarfundarbúnaði.

Dagsetning og tími: 7. október kl. 14:30.

Mætt voru: Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), formaður, Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), Jón G. Valgeirsson (JGV) og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð, auk Ingunnar Jónsdóttur (IJ), framkvæmdastjóra SASS.

1. Fjárhagsáætlun SOS fyrir 2026.

Stjórn fer yfir drög að ársskýrslu, fjárhagsáætlun og gjaldskrá.

Sérstaklega er farið yfir tillögu stjórnar til aðalfundar þess efnis að ekki verði innheimt umsýslugjöld vegna ársins 2026 og reksturinn verði þannig fjármagnaður með eigin fé.

Stjórn samþykkir tillögurnar og vísar til aðalfundar.

2. Tillaga stjórnar um mögulegar breytingar á starfsemi Sorpstöðvar Suðurlands

Stjórn SOS hefur tekið saman fjórar sviðsmyndir um breytingu á starfsemi og umgjörð SOS. Sviðsmyndirnar eru eftirfarandi:

- 1. SOS verður áfram rekið sem byggðasamlag en verkefni þess taka breytingum þar sem verkefni sem lúta að stefnumótun og samræmingu úrgangsmála verða flutt til SASS. Starfsemi SOS fellst í að bera áfram skuldbindingar vegna lokunar og vöktunar á urðunarstað í Kirkjuferjuhjáleigu auk þess að fara með aðrar eignir.
- 2. SOS verður lagt niður sem byggðasamlag. SASS tekur við ábyrgð á lokun og vöktun á urðunarstað í Kirkjuferjuhjáleigu 3. Eignir verða fluttar til sveitarfélaganna.
- 3. SOS verður lagt niður sem byggðasamlag. Eitt sveitarfélag tekur að sér fjárhagslega og lagalega ábyrgð á lokun og vöktun urðunarstaðar í Kirkjuferjuhjáleigu 3 og fær til þess þá fjármuni sem SOS á til ráðstöfunar í það. Eignir verða fluttar til sveitarfélaganna.
- 4. SOS verður áfram rekið í formi byggðasamlags en SASS sér um daglegan rekstur og faglegt starf. Starfsmaður ráðinn til SASS til þess að sinna verkefnum SOS. Ábyrgð á verkefnum og skuldbindingar t.d. vegna Kirkjuferjuhjáleigu 3

verður hjá SOS en dagleg umsýsla verður í höndum SASS. Eignarhlutur í Orkugerðinni verður hjá SOS en SASS sér um fjármálastjórn. Aðrar eignir verða nýttar til reksturs verkefna SOS hjá SASS en mögulega verður unnt að endurgreiða fjármuni til sveitarfélaga.

Sviðsmynd 4 felur í sér að byggðasamlagið verði áfram til sem lögaðili með lagalegar skuldbindingar og skyldur gagnvart aðildarsveitarfélögum til rækslu þeirra verkefna sem samþykktir þess kveða á um. Með samningi við SASS yrðu öll verkefni og faglegt starf unnin hjá SASS. Stjórn SOS myndi starfa áfram en þyrfti ekki að fara með daglegan rekstur byggðasamlagsins, sem er, að óbreyttu, ekki nógu skilvirkt fyrirkomulag að mati stjórnar. Til þess að tryggja skilvirkni væri hagræði af því að stjórn SOS yrði skipuð fulltrúum aðildarsveitarfélaga SOS sem færu jafnframt með stjórnarsetu í SASS. Þetta myndi tryggja áframhaldandi ábyrgð byggðasamlagsins og allra aðildarsveitarfélaganna á verkefnum sem SOS eru falin í samþykktum, en með útfærslunni væri hins vegar dregið úr allri daglegri umsýslu á vegum SOS.

Stjórn samþykkir að leggja sviðsmynd 4 fyrir aðalfund SOS 24. október nk.

3. Undirbúningur dagskrár aðalfundar SOS 2025.

Aðalfundur verður haldinn 24. október nk. í tengslum við ráðstefnu SASS að Kirkjubæjarklaustri. Formaður fór yfir efni aðalfundar og drög að dagskrá og hún samþykkt.

4. Önnur mál.

Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið klukkan 15:30.